

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hafa bifreiðastöður verið bannaðar á eftirgreindum götum:

1. Baldursgötu, norðvestan megin götunnar.
2. Bragagötu, norðvestan megin götunnar.
3. Frakkastíg, vestan megin götunnar frá Njálsgötu að Skólavörðustíg.
4. Klapparstíg, milli Sölvhólgötu og Skúlagötu.
5. Leifsgötu, sunnan megin götunnar.
6. Nönnugötu, norðaustan megin götunnar.
7. Sölvhólgötu, sunnan megin götunnar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. ágúst 1964.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfærslu tolla.

Með heimild í 6. lið 3. gr. tollskrárlaga nr. 7/1963 og með visun til auglýsingar nr. 73/1943, um viðskiptasamning, er gerður var í Reykjavík 27. ágúst 1943 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku, hefur ráðuneytið ákveðið að færa niður tolla á eftirgreindum vörum þannig, að tollar þessi breytist frá því, sem þeir eru nú í tollskrárlögunum, og þeir verði eins og að neðan greinir:

Tollskrá

Kafli nr.

Vörutegund

64.01

Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmii eða plasti:

01 Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 25%

Tollabreyting þessi gildir frá og með 1. september 1964.

Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.